

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 100/2014**

100-2014i

frá 16. maí 2014

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/131/ESB frá 4. mars 2013 um að taka saman notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eaf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eaf. **32013 D 0131**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/131/ESB frá 4. mars 2013 um að taka saman notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2013, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/131/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2013, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.